



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, fimmtudaginn 12. nóvember 2020. Fundurinn er settur klukkan 14:15. Fundurinn er fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

**Gestur á fundinum** er Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður og ráðgjafi stjórnar & framkvæmdastjóra.

### Tekið fyrir:

#### 1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Framkvæmda- og fjármálastjóri gera grein fyrir níu mánaða rekstraruppgjöri SORPU. Uppgjörið rætt.

#### 2. Minnisblað um umframkostnað í MTFS og GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um umframkostnað í móttöku- og flokkunarstöð og GAJU, eftir að lokaúttektum beggja verkefna er lokið. Minnisblaðið rætt.

#### 3. Athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir fyrirhuguðum athugasemdum SORPU við breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar en þær lúta einkum að fyrirhuguðum breytingum í næsta nágrenni móttöku- og flokkunarstöðvar í Gufunesi. Athugasemdirnar ræddar.

#### 4. Minnisblað um stöðu í plastmálum

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði átakshóps SORPU um plast. Minnisblaðið rætt.

#### 5. Jafnréttisáætlun

Framkvæmdastjóri leggur fram gildandi jafnréttisáætlun en hún skal endurskoðast 1. febrúar 2021. Stjórn samþykkir koma að endurskoðun jafnréttisáætlunar í byrjun árs 2021.

#### 6. Staðan varðandi Ymir technologies

Haraldur Flosi Tryggvason gerir grein fyrir stöðu mála SORPU gagnvart Ymi technologies. Staðan rædd.

#### 7. Sláturúrgangsvinnsla í GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um sláturúrgangsvinnslu í GAJU eftir lokun Gýmis í Álfsnesi. Minnisblaðið rætt og framkvæmdastjóra veitt umboð til að ræða framhald málsins við haghafa.

#### 8. Mótun áhættustefnu

Stjórn óskar eftir því við framkvæmdastjóra að hann gangist fyrir mótun áhættustefnu sem lögð yrði fyrir stjórnarfund til umræðu og samþykktar svo fljótt sem auðið er.



## 9. Önnur mál

Grein gerð fyrir breytingum á reglum Úrvinnslusjóðs um endurgjald, sem kalla á breytingar á gjaldskrá samlagsins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna minnisblað um uppfærslu á gjaldskrá SORPU.

Gerð grein fyrir stöðunni og næstu skrefum í ráðningarkerfi framkvæmdastjóra SORPU.

Framkvæmdastjóri leggur fram áætlun um viðbrögð við athugasemdum er fram komu í úttekt innri endurskoðunar samlagsins vegna ársins 2019.

Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um þróunarsamning um sölu á nokkru magni af metani til iðnaðarnota – gert er ráð fyrir að hann verði undirritaður á næstunni.

## 10. Næsti fundur

Næsti fundur er ákveðinn föstudaginn 20. nóvember 2020 klukkan 08:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:07.